NÁMSGREIN MYNDMENNT / SJÓNLISTIR
KENNSLUYFIRLIT – 2.BEKKUR

Kennsluaðferðir: Innlögn, myndasýningar, sýnikennsla, verkleg vinna og samtal.

Námsefni: Allt námsefnið er búið til og mótað af myndmenntakennara

Námsmat: Leiðsagnarmat / Hæfniviðmið

Námsgögn: Margskonar litir, pappír og verkfæri ásamt myndasýningum og fagorðabanka

Lykilhæfni: *Lögð verður áhersla á að nemandi öðlist eftirfarandi lykilhæfni.*

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.
- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt..

Tímabil	Verkefni	Markmið og leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat
Kennt er í fjórskiptum lotum.	Hugmyndabók Mannlíkaminn Skrímslaverkefni Dýramynd Listasaga og umræður um myndverk.	Geti sett hugmyndir sínar á blað og unnið út frá þeim. Búa til sína eigin hugmyndabók og vinna hugmyndir og verkefni í hana Læra að teikna mannslíkamann eftir fyrir fram gefnum reglum. Vinna verkefnið út frá sjálfsmynd sinni. Virkja ímyndunaraflið Búa til sitt eigi skrímsli, teikna og lita og skreyta. Fá innsýn í íslenskar kynjaverur og einnig ýmsar kynjaverur frá öðrum löndum.	Geti: Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Unnið út frá kveikju í eigin listsköpun, bæði í tví- og þrívíðu formi. Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.	Leiðsagnamat og hæfniviðmið. Verkefnin eru metin út frá vinnu /hugmyndavinnu, verklagi, virkni og svörun og viðbrögð við verkefninu í samræmi við hæfniviðmið

		Unnið með hlutföll og mynstur. Teikna kisumynd og skreyta Kynnist heimi myndlistarinnar og möguleika myndsköpunar. Kynnist og þekki ýmis listaverk og listamenn.	Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast frumþáttum og lögmálum myndlistar við vinnu verkefna hverju sinni.	
	orðaforði	Læri þau orð sem tengjast þeim verkefnum sem unnið er með		